

# Fréttta pípi

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Janúar 2023

Nr. 19



T.v. stendur Kristján, viðskiptastjóri FP hjá SI, við stjórnvöl-  
inn. Stóra myndin: Áhugasamir  
ráðstefnugestir fylgjast með.

## FP tekur þátt í ráðstefnunni NEPU 2022

Dagana 25. og 26. ágúst var haldin ráðstefna á Fosshótelu í Reykjavík sem bar yfirskriftina NEPU 2022. Þessi ráðstefna átti upphaflega að fara fram 2020 en vegna covid faraldursins frestaðist hún um 2 ár. Þetta er í fyrsta skipti sem fulltrúar

pípara á Íslandi eru með í þessari ráðstefnu. Fyrir voru fulltrúar pípara frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Rafvirkjar á Íslandi hafa átt fulltrúa á þessum vettvangi um árabil.

*Sjá framhald greinarinnar á bls.*

## Ánægjulegur Jólafundur FP í sal Fóstbræðra

Hefðbundinn Jólafundur Félags pípulagningameistara var haldinn í salnum í Fóstbræðraheimlinu Langholtsvegi 109, laugardaginn 3. desember s.l.

Var byrjað á félagslegu hliðinni þar sem tveir gestir komu til leiks og héldu fyrirlestra. Fyrri gesturinn var Hjörtur Sigurðsson framkvæmdastjóri VSB og stjórnarmaður SI. Fjallaði hann

meðal annars um ýmsar tæknibreytingar í mannvirkjagerð og sýndi mörg skemmtileg dæmi um róbóta og þjarka sem ýmist eru nú þegar komnir í notkun og aðra sem nú er verið að þróa og því væntanlegir.

*Sjá frmhald greinarinnar á bls. 2.*

### Félagatali FP 2023 dreift með Fréttapípi



Félagatal Félags pípulagningameistara hefur verið gefið út af Vatnsvirkjanum síðasu árin og er svo enn. Vatnsvirkinn tók við af Danfoss sem ákvað að láta gott heita. Hugmyndin var að bjóða helstu birgjum félagsmanna FP að gefa út félagatalið til að gefa þeim tækifæri á að kynna sínar vörur. Félagatalið í stöðugri uppfærslu og endurskoðun. Allar ábendingar eru vel þegnar.



fima | CARLO FRATTINI

## GALILEO

Afrakstur samstarfs  
italska hönnunarhúsin  
Bertoni og Fima Carlo  
Frattini

Galileo sækir innblástur í lögum  
sjónauka Galileo Galilei. Með  
framúr stefnulegri túlkun sem  
skapar frumlega og láttlaus  
hönnun. Niðurstaðan er eldhús  
blöndunartæki sem sameinar  
einstaka og sérstaka hönnun  
með mikilli virkni og  
vinnuvistfræði.



Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is  
Virka daga 9-18 | Laugardaga 11-14

INNRETTINGAR  
& TÆKI

Snúningsstúturinn er festur á  
hljóðina með nýstárlegu  
segulkerfi sem leyfir  
þægilega og örugga stillingu  
á stútnum.

## Ánægjulegur Jólafundur FP var haldinn í salnum í Fóstbræðraheimilinu

*Frmhald greinar af forsíðu...*

Þá kom Jóna Guðrún Kristinsdóttir frá BYKO og fjallaði um BREEM votttanir og kynnti fyrir félagsmönnum hvað BYKO hefur verið, og er að gera í því að tryggja að vörur sem þeir bjóða uppá uppfylli umhverfiskröfur. Mikið er horft til Svansvottunar sem tekur einungis til byggingarvara sem notaðar eru ofan botnplötu.

Að þessum erindum loknum voru lífflegar almennar umræður um efni fyrirlestrana og hin ýmsu málefni.

Á fundinum var Birgi Jónssyni afhent 50 ára afmælisgjöf frá FP. Gjöfina átti upphaflega að afhenda 2020 en reyndist ekki unnt þar sem covid hamlaði aðgerðum. Sama er að segja um tafir sem orðið hafa á afhendingu slíkra gjafa til félagsmanna. Þar er um að ræða til veglega gjöf til þeirra þegar þeir verða fimmtugir.

Að þessu loknu var sest að borðum og snæddur matur frá veitingahúsinu Kænunni. Til skemmtunar kom svo uppistandarinn Dóri DNA kom hláturtaugunum á hreyfingu. DJ Gassi Kling sá um tónlist. Spilaði hann fallega jólatónlist yfir matnum og sá síðan um stuðið fram eftir kvöldi.

Á næsta Aðalfundi munu fjöldi félagsmanna fá steininn fræga að gjöf í tilefni að fimmtíu ára afmæli sínu, en mikið hefur safnast upp eins og fyrr segir.



*Myndirnar: Að ofan t.v.: Kári Samúelsson fer, að Jólafundi loknum; þungklyffjadar af skrauti og búnaði. Að neðan t.v.: Hjörtur Sigurðsson, framkvæmdastjóri VSB og stjórnarmaður í SI flytur erindi. Að neðan t.h.: Jóna Guðrún Kristinsdóttir frá BYKO heldur erindi um BREEM vottunarkerftið. Að ofan t.h.: Dóri DNA fer með gamanmál í viðeigandi ljósi. Þar fyrir neðan er Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, (t.v.) að afhenda Birgi Jónssyni steininn góða.*

## FP FÉLAGAR!

Fjölmennum á glæsilegan Aðalfund sem haldinn verður í Borgarnesi 15. apríl!

**Hágæða  
vinnuföt  
í miklu úrvali**  
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

**Snickers**  
WORKWEAR

DUNDERDON

Mikil úrval af öryggisvörum

uvex | ALFA | OTEX |  
THE GUARD | Honeywell |

Nú fást **Snickers** vinnuföt í **BYKO** **HILTI**  
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • HagI ehf HILTI

**Fréttapíp**  
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara. Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfæði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.  
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.



# FP tekur þátt í ráðstefnunni NEPU 2022

*Frmhald greinar af forsiðu...*

**Kristján Sigurbergsson viðskiptastjórinn okkar hjá SI sá um utanumhald ráðstefnunnar og var ánægður með að fá fulltrúa frá FP. Til umræðu voru ýmis mál.**

Fyrsta erindi flutti Lárus M K Ólafsson umhverfis og orku sérfræðingur hjá SI. Hann ræddi um orkumarkaðinn á Íslandi og hverjar áherslur framtíðar væru hjá okkur. Það var talsverð umræða um vindmyllur og skandinavarnir skilja ekki hvers vegna við virkjum ekki meira með vindmyllum þar sem hvorki skortir landrými né rok hér.

Næsta erindi var frá norðmönnum en þar talaði Ove Guttormsen, formaður NELFO sem eru samtök rafverktaka í Noregi. Hann talaði um sólarpanela til raforkuframleiðslu. Þar hefur fjöldi panela aukist með árunum en almennt séð eru þeir ekki mjög spenntir fyrir sólarpanelum því þeir taka talsvert pláss. Þeir hafa verið að leggja áherslu á að koma þessu inn í landbúnaðinn því þar er mikil notkun og möguleiki á því að koma fyrir sólarpanelum þar sem þeir taka nokkuð pláss. Einnig rædd söfnun á raforku inn á geyma í slíkum kerfum. Það er farið að gera tilraunir með að klæða hús að utan með panelum og spara þannig landrými.

Næstur á mælendaskrá var Johnny Petré frá IN (Swedish installation federation). Hans erindi fjallaði um tilboðsgerð, utanaðkomandi áhrif á tilboð og hvað væri til ráða. Helstu áskoranir eru hækkanir á aðföngum. Erfitt að fastsetja afhendingatíma, skortur á hráefni og vinnuafli. Hann fjallaði um að til að mynda væru Norðmenn farnir að banna starfsmanaleigur í ákveðnum verkefnum og skylda fyrirtæki til að taka menn inn sem launamenn.

Árni Sigurjónsson formaður SI bauð viðstadda velkomna og fór yfir helstu áskoranir og áherslur SI.

Finnar áttu næsta erindi sem fjallaði um efnisskort og hvað væri til ráða. Eitt af því sem var rætt var eftirspurn eftir varmaðælu og seinn afhendingartími á þeim. Helsta vandamál varðandi framleiðsluna eru skortur á tölvukubbum í stýribúnað en það er að mestu framleitt í Kína. Aðilar í Evrópu ætla að framleiða þessa kubba.

Troels Danielsen frá Tekniq í Danmörku ræddi tækninýjungar sem mögulegar eru í rekstri fyrirtækja og hvernig hægt sé að koma þeim í sem almennasta notkun félagsmanna sinna. Hann sýndi hvernig þeirra samtök hafa komið sér upp gagnagrunni þar sem nýjungar eru skráðar og önnur fyrirtæki geti sótt sér upplýsingar um búnað eða aðferðir sem notaðar eru og tekið upp hjá sér. Hann talaði einnig um ný verkefni fyrir fyrirtæki og nefndi sem dæmi miklar framkvæmdir við framleiðslu vindmylla í Esbjerg.

Svo var komið að Finnum aftur að taka til máls og Esa Larsen fjallaði um áhrif stríðsins á vinnumarkaðinn. Þeir eru með landamæri að Rússlandi þannig að áhrifin eru greinileg hjá þeim en öðrum. Hann talaði um að það hefðu komið 31.000 flóttamenn til Finnlands en einungis 300 af þeim væru komnir í vinnu. Þetta stafaði af tungumálaerfiðleikum. En í Skandinavíu hafa löndin verið stíf á því að enginn fari að vinna í landinu nema vera kominn með tök á málinu. Önnur áhrif sem hægt er að benda á eru meðal annars hækkandi orkuverð og verðbólga í kjölfarið á því.

Eitt af því sem bæði Finnar og Svíar voru spenntir að kynnast hér var vinnuumhverfi verktaka í kringum NATO en bæði lönd hafa lagt inn umsókn um aðild. Jón B Guðnason framkvæmdastjóri Landhelgisgæslunnar í Keflavík hefur mikla þekkingu á þessu umhverfi og ræddi fyrirkomulag útboða og vinnu við verkefni fyrir NATO. Hann fræddi menn um að eitt af því sem hefur verið áskorun í vinnu fyrir NATO er



að enginn má koma að vinnu í þessum verkefnum nema vera með hreina sakaskrá. Það getur stundum valdið vandræðum. Böðvar lagði fram spurningu til fagfélaganna varðandi löggildingu iðngreina í hverju landi fyrir sig. Hvernig er leyfismálum háttáð og hvort það væri eftirlit með starfsemi sem færi fram án leyfis. Það á að taka saman upplýsingar um þetta og senda skriflegt svar. Því næst tók við fyrirlestur frá Ingibjörgu Birnu Kjartansdóttur sem er BIM sérfræðingur (Building information model) og starfar hjá Ístaki. Hún fræddi okkur um hvernig hægt er að nota þrívíddartækni í byggingariðnaði til meðal annars magntökur og skipulagningu verka. Jafnvel tengingu við róbóta á byggingarstað. Mjög áhugverðir möguleikar þar í framtíðinni.

Í lok ráðstefnunnar spannst umræða um netöryggismál og aukin áhersla öryggi þar sem búnaður og stýringar er í síauknu mæli nettengd. Því var ákveðið að næsti fundur taki að einhverju leyti á þeim hættum sem steðja þar að. Næstu fundur verður í ágúst 2023 í Helsinki. Ráðstefnunni var svo slitið og farið var í skoðunarferð um Reykjanesið og endað í Bláa lóninu.

**Gunnar Sigurjónsson, pípulagningameistari og kennari í pípulögnum við Tækniskólann.**

**VIÐ ERUM GÓÐIR Í VARMA**



**Vatnshitablásarar**

- Sérlega hentugir fyrir hitaveituvatn
- Element með stálrorum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hljóðblír

**VARMA & VÉLAVERK EHF.**  
Vandað og varnlegt

Klarnarvogi 4, 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071  
vov@vov.is www.vov.is

**DÆLUR Í FREMSTA  
GÆDAFLOKKI**



**DÆMI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRÐI • ÞAD ER TENGI**

**www.tengill.is** |  Kópavogi  414 1000 | Akureyri  414 1000 | Selfsæð  414 1000



**GRUNDFOS**

# Starfsárið 2022 – Stiklað á stóru

Merkileg tímamót urðu í sögu Félags Pípulagningameistara (FP) þann 13. júní 2022 þegar skrifað var undir samkomulag um inngöngu FP í Samtök iðnadarins (SI) sem eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi.

Öll fagfélögin sem koma að mannvirkjagerð eru nú sameinuð undir SI sem styrkir stöðu okkar til mikilla muna.

Í haust tók FP þátt í NEPU ráðstefnu þar sem fulltrúar fagfélaga rafvirkja og pípara frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku komu saman til að ræða um hin ýmsu málefni sem snerta fögin okkar. Gunnar Ásgeir Sigurjónsson gerði góða samantekt um þessa ráðstefnu sem birtist í þessu blaði.

Föstudaginn 14. október fór FP í haustferð sem var í boði SET sem er alþjóðlegur framleiðandi og söluaðili á lagnavörum fyrir framkvæmda- og veitumarkaðinn með aðsetur á Selfossi. Rúta kom og sótti okkur upp í höfuðstöðvar FP og fór með okkur til Selfoss þar sem Guðni Ágústsson fyrrum ráðherra tók á móti okkur og sýndi okkur Skyrsafnið. Að því loknu fórum við og heimsóttum SET. Bergsteinn Einarsson framkvæmdastjóri SET tók á móti okkur og fór yfir sögu SET og það sem er frumundan í þeirra fyrirtæki. Tekið var virkilega vel á móti okkur og færur við SET miklar þakkir fyrir höfðinglegar móttökur. Jólafundur og árshátíð FP var laugardaginn 3. desember þar sem félagsmenn fengu kynningar á tækninýjungum í mannvirkjagerð ásamt kynningu um Breeam vottanir og þær nýju kröfur sem eru að eiga sér stað í mannvirkjagerð um vistvænar byggingarvörur. Að jólafundi loknum tók við jólaskemmtun FP þar sem allt fór sómasamlega fram eins og sæmir meisturum. Stjórn FP hefur verið að vinna í margskonar málum fyrir félagsmenn. Ný uppfærður vefur kemur fljótlega á nýju ári þar sem boðið verður upp á innri vef fyrir félagsmenn þar sem ýmis gögn verða aðgengileg til að létta undir með félagsmönnum og má þar meðal annars nefna gögn sem varðar gæðakerfið.

Í vetur hefur FP verið með námskeið fyrir félagsmenn í gegnum Iðuna fræðslusetur til að undirbúa félagsmenn FP undir næstu virkniskoðun á gæðakerfinu. Fyrirhuguð virkniskoðun er handan við hornið.

Að mati stjórnar FP eru spennandi tímar framundan hjá FP. SI er að vinna í málum sem snúa að hagsmunum félagsmanna og það verður gaman að kynna framvinduna á næsta aðalfundi sem verður 15. apríl. Félagsmaður kom með þá spurningu hvað hann væri nákvæmlega að borga fyrir með gjöldum inn í SI og SA. Undirritaður svaraði því á þá leið að svarið við þeirri spurningu myndi koma á aðalfundi árið 2024 þegar FP



Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara.

væri búið að vera innan SI og SA í um tvö ár. Það er virkilega ánægjulegt að félagsmenn eru tilbúnir að gefa SI og SA tækifæri og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér þá þjónustu sem SI og SA bjóða félagsmönnum upp á. Innan SI og SA er öflugur hópur fólks sem tilbúið er að vinna að þeim málum sem við biðjum um.

Skammtímakjarasamningur var undirritaður í desember milli SA og VR, LÍV og samflots iðnadamanna og gildir hann frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Stéttarfélagið Efling stendur ein utan sáttar og það á eftir að koma í ljós hvernig því fram. Beðið var með að fara í öll sérákvæðin þar sem um skammtímakjarasamning er að ræða þar, sem ennþá ríkir töluverð óvissa í heimsmálum um hin ýmsu málefni, stríð, verðbólga svo fátt eitt sé nefnt. Um leið og ég óska félagsmönnum gleðilegra hátíðar þá vil ég þakka fyrir það traust sem mér er sýnt að fá að vera í forsvari fyrir FP. FP verður 95 ára árið 2023 og fær að sjálfsgöðu veglega afmælisveislu sem nú þegar er hafinn undirbúningur við.

Fyrir hönd stjórnar FP óska ég ykkur gleðilegs árs og farsældar á nýju ári.

Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara.

## Næsti Aðalfundur og Árshátíð Félags pípulagningameistara verður haldinn 15. apríl 2023

Félagið á einmitt 95 ára afmæli á þessu ári, sem verður minnst með veglegum hætti.

Aðalfundur og Árshátíð verða að þessu sinni á Hótel B59 í Borgarnesi og eru félagsmenn hvattir til að taka daginn frá.

**MILLIVEGGIR ÚR VIKURSTEINI**  
eru hlaðnir kostum

- Auðveldir í uppsetningu
- Henta fyrir votrými
- Afburða hljóðeinangrun
- Sterkt naglhald
- Gott bruna- og rakapól

bmvalla.is | Sími: 412 5050 | sala@bmvalla.is

# GÆÐAKERFI PÍPULAGNINGA- MEISTARA – VIRKNIÚTTEKT!

Nú námskeið hafa verið haldin í gegnum Íðan fræðslusetur til að undirbúa félagsmenn FP fyrir virkniúttekt á gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara.

Félagsmenn FP hafa sýnt þessu mikinn áhuga og verða vel undirbúin þegar þeir verða kallaðir inn í næstu virkniskoðun. Til að geta tekið að sér verkefni í pípulögnum sem eru úttektarskyld þurfa iðnmeistarar að vera með vottað gæðakerfi. Iðnmeistarar eru síðan kallaðir inn á fimm ára fresti í virkniskoðun sem sitt gæðakerfi til að kanna hvort þeir séu að fara eftir lögum um mannvirkni þar sem iðnmeisturum er skylt að vera með gæðakerfi. Ef í ljós kemur að iðnmeistari er ekki að fara eftir fyrirmælum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), sem hefur það hlutverk að framfylgja lögum um mannvirkni, getur viðkomandi iðnmeistari ekki tekið að sér verkefni sem eru úttektarskyld.

Yfir 80 félagsmenn FP hafa sótt þessi námskeið og vænta má að þeir verði vel að sér og vel undirbúin fyrir næstu virkniskoðun enda eru pípapar alltaf langflottastir.

Námskeiðið hefur einnig nýst þeim sem ekki hafa nú þegar orðið sér úti um gæðakerfi þar sem námskeiðið er sett upp eftir nýjustu uppfærslu HMS.

## Gæðakerfi pípulagningameistara – virkniúttekt einnig haldið á Akureyri

Námskeið varðandi virkniúttekt fyrir pípulagningameistara var einnig haldið á Akureyri fyrir kollega okkar fyrir norðan. Gaman var að koma í dagsferð til Akureyrar og hitta aðra pípulagninga-



Böðvar Ingi Guðbjartsson, form. Félags pípulagningameistara setti námskeiðið upp fyrir ÍÐUNA og kenndi þau jafnframt.



meistara. Heimir Kristinsson frá Byggið á Akureyri tók vel á móti undirrituðum og var námskeiðið haldið hjá Byggið fyrir norðan. Kollegar okkar fyrir norðan eru að gera góða hluti og hafa þróað hjá sér gott kerfi fyrir áfangauttektir þar sem starfsmenn eru meðvitaðir um að láta taka út verkiði sem er

úttektarskyldur. Að námskeiði loknu voru málefni pípulagningamanna fyrir norðan rædd og áhugavert að fá innsýn inn í þeirra starfsumhverfi og hvað þeir hafa verið að fást við. Verkefnastaðan fyrir norðan er mjög góð og það stefnir töluverða mikla uppbyggingu á mannvirkjum fyrir norðan.



## Komdu í stærstu vefverslun landsins fyrir vatnsveitu og pípulagnir

Smiðjuvegi 68-72  
200 Kópavogi  
Sími 575 9300

[vatnogveitur.is](http://vatnogveitur.is)  
[vatnogveitur@vatnogveitur.is](mailto:vatnogveitur@vatnogveitur.is)



## Allt fyrir pípulagnirnar

Lagnadeild Fagmannaverslunar Húsasmiðjunnar

Hafðu samband við Stefán Jan varðandi ráðgjöf og tilboð.

Stefán Jan  
Sölustjóri lagnaverslunar  
stefanjan@husa.is - Sími: 664 3666





# Vatnsvirkinn Vinnuföt með HEROCK inn á markaðinn

Vatnsvirkinn hefur nú breikkað þjónustuvið sitt við fagmenn með opnun verslunar með allt er vaðar vinnufatnað, vinnuskó, hjálma og annan búnað sem fagmenn þurfa á að halda við störf sín. Þarna er um að ræða sænska gæðamerkið HROCK.

Verslunin hefur hlotið nafnið Vatnsvirkinn Vinnuföt og er til húsa á sama stað og Vatnsvirkinn, en með séringang.

Þeir félagar í Vatnsvirkjanum eru ekkert að tvínóna við hlutina.

Slegið var upp flottri veislu í tilefni að opnun verslunarinnar.

Ljúfar veitingar í föstu og fljóttandi á og mikill fjöldi mætti.

Síðan kom stórsnillingurinn Sóli Hólm og fór hreinlega á kostum og fékk aldeilis frábærar viðtökur.

Eins og fram kemur á síðunni hér til hægri þá var efnt til skemmtilegrar keppni í BUXNAHANGSI eins og sést á meðfylgjandi myndum. Var mikil þátttaka í leiknum og hljóp mörgum kapp í kinn. En Roland hékk lengst, eða í samtals 3,17 mínútur.

Við látum meðfylgjandi myndir tala sínu máli.



Guðni, annar eigandi Vatnsvirkjans er hér kampakátur með Sóla Hólmi eftir stórkostlega framistöðu hans á opunarhátíðinni.



Keppt í buxnahangsi – Dómarinn og eftirlitsdómarinn færa allt til bókar og sjá um að keppnin fari fram samkvæmt reglum.



## Verðmæti í góðmálum og brotajárni

Nánar á [www.hringras.is/verdskra](http://www.hringras.is/verdskra)

Verðskrá – Verð pr kg. án VSK/Price per kg. excl. VAT:

Ál (+ Álfelgur) / Aluminum	80 kr.
Ál -steypa o <= 2% járn / Aluminum cast	50 kr.
Ál svarf	40 kr.
Ál-kaplar / Aluminum cables	15 kr.
Prent-ál / Aluminum litho	125 kr.
Brotajárn flokkur #1-2 / Scrap metals 1st – 2nd grade	15 kr.
Brotajárn flokkur #3 (T.d. Spilliefnalaus bílflök) / Scrap metals 3rd grade	12 kr.
Blý / Lead	115 kr.
Vatnskassa / Elements	30 kr.
Hjólbarðar / Tires (5 kr. ef við sækjum)	8 kr.
Kaplar / Cables	70 kr.
Hreinn kopar (Millberry) / Millberry copper	555 kr.
Kopar, eir / Copper	505 kr.
Látun, messing, brons / Brass	355 kr.
Rafgeymar / Car batteries	10 kr.
Rafmótorar / Electric motors	55 kr.
Ryðfrítt stál / Stainless steel	115 kr.
Ryðfrítt svarf	40 kr.
Zink / Zinc	80 kr.
Hvarfakútar verð pr stk. / Catalytic converters – Allt að 10.000 kr., en hver kútur er metinn á staðnum – Gerum tilboð ef magn er verulegt.	

### SKILMÁLAR OG LEIÐBEININGAR:

Leitið magntilboða. Seek offers for large quantities.  
 \*Verð greitt fyrir efni sem er komið í port Hringrásar.  
 \*Prices for materials delivered at our facilities.  
 Greitt fyrir dekk/brotajárn 100 kg. eða meira.  
 Payments for tires/scrap metals 100 kg. or more.

# Roland hékk lengst



**KEPPT  
VAR Í  
BUXNA-  
HANGSI!**

Vatnsvirkinn Vinnuföt setti í gang skemmtilegan leik meðan kynningin stóð yfir. Prautin fólst í því að hanga í HEROCK vinnubuxum sem þræddar voru upp á gaffal á lyftara (sjá myndirnar á síðunni hér til hliðar) og sá sem hékk lengst fékk vegleg verðlaun: HEROCK vinnuföt, alklaðnað eins og sést á myndinni, ásamt skóm og derhúfu.

Það var hann Roland sem hreppti vinninginn. Fréttapíp var á staðnum og smeltti myndum af kappanum í dressinu. Hann hékk í 3,17 mín.

## Umhverfisvænn frostlögur

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

**FERNOX**  
LÆTUR VATNIÐ VINNA



Hringás

Heildsölu dreifing  
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330  
www.hringas.is

**PENTAIR**  
JUNG PUMPEN

**SET**  
www.set.is

Hann heitir Roland og okkur minnir að hann hafi hangið í 3:17 mínútur.

## TRAUSTAR BRUNNDÆLUR FYRIR HEIMILI OG IÐNAÐ



U3KS



MultiDrain



MultiFree

**Set | Rör | Dælur | Tengistykki**

Við tökum vel á móti þér að Klettagördum 21  
Sími: 480 2700 | Netfang: sala@set.is



# TENGI með veglega kynningu á GRUNDFOS MIXIT



TENGI hélt á dögnum veglega kynningu á GRUNDFOS MIXIT uppblöndunarkerfinu (sjá umfjöllun um kerfið á bsl. 17).

Blaðamaður og ljósmyndari Fréttvíps var á staðnum og festi öll herlegheitin á filmu, afsakið, á pixla.

Áhuginn á þessari nýju tækni frá GRUNDFOS leyndi sér ekki. Var allan tímann löng biðröð fyrir utan sérútbúinn GRUNDFOS bílinn þar sem sýningarrými fyrir búnaðinn var haganlega fyrirkomíð. En með smá þolinmæði komust þó flestir að til að kynna sér tæknina. Heyra mátti á almennu skrafi meðal fagaðila á staðnum að þarna er enn og aftur á ferðinni tímabær og áhugaverð tæknilausn frá GRUNDFOS.

Þá var ekki síður gerður góður rómur að veitingunum, en grillvag frá Hamborgarabúllinni var á staðnum til þjónustu reiðubúinn. Og ekki vantaði höfugar veigar til að skola niður borgurinum. Þeir félagarnir frá Hamborgarabúllunni á myndinni hér til hægri höfðu sannarlega nóg að gera; grilluðu mörhundrað borgara ofan í mannskapinn og höfðu vart undan.

Við vonum að þið njótið meðfylgjandi mynda.



**Tengigrindur** af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **Íslenskar aðstæður**.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

Danfoss hf Skútuvogi 6, Reykjavík

ENGINEERING  
TOMORROW





**Þessir tengdu vel við borgarana sem voru girnilegir að sjá og smökkuðust dásamlega...**



**Leica Lino L6G-1  
3x360° Laser**

L6G-1 er vinsælasti laserinn hjá okkur og hefur reynt viðskiptavinum okkar einstaklega vel.

Með fínstilliskrúfunni er hægt að snúa lasernum örfáa millimetra og því stilla línurnar af með mikilli nákvæmni á einfaldan máta.



**Verð: 95.000kr + vsk**



verkfaeriehf.is 544-4210 sale@verkfaeriehf.is Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

*Liffræn hreinsun skólps*

**ANAEROBIX HREINSIVIRKI**  
með stu yfir 90% hreinsun

**DNE2CLEAN HREINSISTÖÐ**  
allt að 99% hreinsun



- Stærðir 3-600 persónuvinnugar
- Líkamt rafmagn
- Meira en 20 ára þrepa líftími

- Stærðir 3-1500 persónuvinnugar
- Rafmagn vafkettur (væðingarmott)
- Gætur hreinsað eColi allt að 99,9%

- Þægilegar í uppstillingu og lítil viðhald
- Tynn samsetning, hellsárskipt, lítil völd
- Þægur stjórnun - fyrirtækiarlíftími

- Lítil þrútu fyrir vana
- Gæ vattal
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkomandi svæðum til efl þæguleikastu



**HVAMMSHÓLAR**

SIÐURDUR VIÐVÉÐ HALLDÓREYSSON PÍPULADNINGAEMEISTARI ☎ +354 660 4005 🌐 SIÐURDURHVAMMSHOLAR.IS

 <p><b>861 6688</b> johannesgyflí@icloud.com</p> <p>Nýtlagnir Endurlagnir Viðhald</p> <p>Ástandskönnun Skolpmyndaðél Hitamyndaðél Stífulosun</p> <p>Jóhannes Gyflí Ólafsson löggitur pípulagningameistari</p>	<p><b>Pípulagnir</b> <b>Elvars G Kristinssonar ehf.</b> Jöklafold 2 - 112 Reykjavík GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is</p>	 <p><b>H2O LAGNIR</b> Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ GSM 662 3235 - h2olagnir@gmail.com</p>
 <p><b>Gaui píp ehf</b> Skipasundi 1 - 104 Reykjavík GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com</p>	 <p><b>Vatn og pípur ehf.</b> Sigurður Úlfar Sigurðsson pípulagningameistari Skjólbraut 3a - 200 Kópavogi GSM 788 0044 - vatnogpipur@gmail.com</p>	<p><b>JOHNNY PÍPARI</b> Mávanesi 13 - 210 Garðabæ GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com</p>
 <p><b>B. Markan ehf.</b> <b>Pípulagnir</b> 660 6690 Kvísartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is</p>	 <p><b>HS pípulagnir ehf.</b> Smíðjuvegur 4 200 Kópavogi GSM 894 0088 hspip@hive.is</p>	<p><b>MIÐSTÖÐIN</b> Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf. Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar Sími 481 1475 midstodin@midstodin.is</p>
 <p><b>Bubbi Pípari ehf.</b> Lyngbergi 23 - 221 Hafnarfirði GSM 897 7946 bubbipipari@simnet.is</p>	 <p><b>Bládröpi</b> Njarðvíkurbraut 12 - 260 Reykjaneshæ bladropinn@gmail.com GSM 846 4627</p>	 <p><b>AGS Pípulagnir</b> Guðmundur Sigurðsson löggitur pípulagningameistari 854 8080 ags@ags.is AGS Pípulagnir ehf. www.ags.is</p> 
 <p><b>Kári Hilmarsson</b> vélvirkja- &amp; pípulagningameistari Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com</p>	 <p><b>GG LAGNIR ehf</b> PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA stofnað 1988 Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870 www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is</p>	<p><b>Viðhaldslagnir ehf.</b> Svavar Örn Halldórsson PÍPULAGNINGAMEISTARI GSM 698 2247 vidhaldslagnir@gmail.com</p>
 <p><b>Jón Auðunn Sigurjónsson</b> pípulagningameistari Auðnukór 3 - 203 Kópavogur GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is</p>	 <p><b>Lagnabraeður ehf.</b> Blikaási 5 - 221 Hafnarfirði GSM 663 7200 postur@lagnabraeður.is</p> <p><b>Lagnabraeður ehf</b></p>	 <p><b>AH pípulagnir ehf.</b> - Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ - Sími 555 7012 - GSM. 822 7100 andres@pipulagnir.is</p>
 <p><b>Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870</b> Netfang stefanbr@simnet.is</p>	 <p><b>Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585</b> sigurdur.pipari@gmail.com</p>	 <p><b>Stofnlagnir ehf.</b> Vefarastræti 42 - 270 Mosfellsbæ GSM 660 0499 - wc@islandia.is</p>
 <p><b>Fagmennska - Færni - Frumkvæði</b> srr@iav.is - GSM: 660 6201</p>	 <p><b>Lagnagæði ehf.</b> Kvísatunga 29 270 Mosfellsbæ GSM: 618 4131 arnor@lagnagaedi.is</p> <p><b>Lagnagæði</b></p>	 <p><b>Húsalagnir ehf.</b> Pípulagningarþjónusta Gylfafföt 20 - 112 Reykjavík GSM 893 3632 husalagnir@simnet.is</p>
 <p><b>Akralind 1 - 201 Kópavogur</b> GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is</p>	 <p><b>Flugumýri 30 - Mosfellsbæ</b> GSM: 771 7100 sigurdur@kraftlagnir.is</p>	<p><b>KRAFTLAGNIR ehf.</b> PÍPULAGNINGAVERKTAKAR</p>



**G S Ó**  
PÍPULAGNIR  
Dalaland 6 - 108 Reykjavík  
GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is



**Pipulagna**  
VERKTAKAR ehf  
Miðhrauni 18 – 210 Garðabæ  
pv.is – pv@pv.is



*Gledilegt*  
NÝTT ÁR!  
OG  
FARSÆLD  
Á NÝJA  
ÁRINU!



Hyrjarhöfði 2 - 112 Reykjavík  
GSM 897 4746 & GSM 896 2908  
landslagnir@landslagnir.is



**S.O.S.**  
Lagnir ehf.

S.Ó.S. lagnir ehf.  
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sos@soslagnir.is  
GSM 693 9000

**BENNI PÍPARI**

Löggiltur pípulagningaverktaki  
☎ 842-6000

Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ – bennipipari@bennipipari.is



**MJÖG LAGNIR**

**Mjög lagnir ehf.**  
Kópavogsbraut 62  
200 Kópavogi  
GSM 661 3338  
& 853 0273  
mjoglagnir@gmail.com



Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn  
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291  
kromoghvitt@simnet.is



**RÖRLEGGJARINN** ehf.

Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík  
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

**RÖRTAK** ehf.

Langholtsvegi 1 - 104 Reykjavík  
GSM: 848 2454 - valdipall@gmail.com



Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari  
Almannakór 6 – 203 Kópavogi  
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafli.is



MAGNÚS A. MAGNÚSSON  
PÍPULAGNINGAMEISTARI

Svæði  
620 Dalvík  
Sími: 466 1401  
GSM: 898 5524  
maggisvaedi@simnet.is



PÍPULAGNIR OG GAS

Allar almennar gas- og pípulagnir  
Einstaklingar - Húsfélög - Fyrirtæki

☎ 616 9611 ✉ eviljar@eviljar.is 🌐 www.eviljar.is



**vatnsidnadur.net**  
Gagnagrunnur - Þekking - Saga

vatnsidnadur@vatnsidnadur.net

**KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ**

TYROLIT DME33UW  
kjarnaborvél.  
450mm



TYROLIT DME20PU  
kjarnaborvél.  
180mm



**TYROLIT**



TYROLIT FSG513P gólf-sög.  
Sögunardýpt: 19,5cm



TYROLIT  
kjarnaborar



TYROLIT steinsagarblöð



Víkurbær 8 - 203 Kópavogi  
Sími 544 4656 - www.mhg.is

# BYKO Leiga og Fagverslun á Selhelli

## - Allt fyrir fagfólk á einum stað



Hjá BYKO á Selhelli í Hafnarfirði sameinast nú á einum stað BYKO Leiga ásamt nýrri Fagverslun. Þetta er gríðarlegt hagræði fyrir allt fagfólk, sem þarf nú ekki lengur að þeytast á milli margra staða eftir hlutunum; einfaldlega renna yfir á Selhelli og ná í það sem til þarf.

Tækja- og verkfæraúrvalið hjá BYKO Leigu hefur verið aukið verulega og þar eru menn sífellt að skima eftir og bæta við í leiguna tækjum og búnaði sem fagfólk þarf á að halda við störf sín. Öll aðstaða og húsnæði er nú með mun meiri möguleika í þjónustu og má þar sérstaklega nefna gott útsvæði sem mun gefa stóraukin tækifæri hvað þjónustuna við fagfólk varðar.

### BOSCH aftur til vegs og virðingar

Hjá Fagverslun BYKO er að finna landsins mesta úrval af bláum BOSCH verkfærum sem eru sérstaklega hönnuð og þróuð fyrir fagfólk. Má segja að blái BOSCHinn eigi lausn fyrir hvert og eitt verkefni fyrir fagfólk, nánast sama hvað um er að ræða; BOSCH Expert aukahlutalínan hefur rétta tækni fyrir verkeið. Blái BOSCH liturinn segir allt, gefur fagfólki meiri afköst, stóraukið öryggi og trausta og góða endingu við erfiðustu aðstæður.

Gott úrval og afar fjölbreytt úrval fylgihluta, svo sem: SDS Plus borar, SDS Max borar, Hex borar, spaðaborar, slípi- og skurðarskífur, dósaborar, sverð- og stingsagarblöð, fjölnotablöð (starlock) hjólsagarblöð og fleira. Nú er líka möguleiki fyrir fagfólk að taka bláa BOSCHinn á leigu og prófa þannig tækni áður en kaup eru ákveðin.

### Þéttiefni, gluggar, hurðir, álklaðningar...

Í nýju Fagverslun BYKO hefur verið sett upp fjöldi deild með festingum og þéttiefni. Mjög gott og fjölbreytt úrval er til staðar og hægt að finna hverskonar lausnir allt eftir óskum viðskiptavina. Einnig er á Selhelli lager fyrir innflutta glugga og hurðir. Þar er í boði mikið og gott úrval við flestra hæfi.

Vinnsla á álklaðningum er ný af nálinni hjá BYKO. Á Selhelli er



*Róbert Hnífsdal Halldórsson, sölustjóri BOSCH á Íslandi, vinnur nú að því hörðum höndum að koma BOSCH verkfærunum aftur til vegs og virðingar í hjá fagfólki.*

búið að setja upp öflugan búnað til vinnslunnar og er hægt að sérsníða klæðningarnar eftir óskum viðskiptavina. Jafnframt verða víðeigandi fylgihlutir til sölu hjá versluninni.

**Við bjóðum allt fagfólk velkomni á Selhelli.**



## STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagar að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. - Tunguháls 17 - 110 Reykjavík - Sími 571 0600 - Fax 587 5110 - www.pallaleiga.is - Netf. pallaleiga@pallaleiga.is



# Félagar FP heimsækja Set ehf. á Selfossi

Meisturum í Félagi pípulagningameistara var boðið í eftirminnilega heimsókn til stórfyrirtækisins Set ehf. röraframleiðanda á Selfossi.

Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað á undanförunum áratugum undir öruggri handleiðslu Bergsteins Einarssonar, en hann er sonur stofnand.

Set ehf. er umsvifamið fyrirtæki á flestum skilningi þeirra orða. Auk stórrar röraverksmiðju á Selfossi, á Set ehf. og rekur umfangsmikla starfsemi í Þýskalandi og er einnig með vaxandi umsvif í Danmörku.

En aftur að heimsókninni. Við byrjuðum skoðunaerferðina með heimsókn á lager Sets ehf. í Klettagörðum, þar sem boðið var upp á samlokur og bjór. Var farið yfir helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins og einnig sagt frá fyrirtækinu og nýjum vöruflokkum sem verða hjá Set ehf. eftir að fyrirtækið festi kaup á Dælum og þjónustu.

Þá var stigið upp í rútu og haldið sem leið liggur á Selfoss. Þar tók á móti okkur Guðni Ágústsson, sá mikli höfðingi. Var að venju glaðbeittur og reitti af sér sögurnar um leið og hann sýndi okkur hið glæsilega Skyrsafn; afar skemmtilegt og fróðlegt safn.

Þessu næst lá leiðin í höfuðstöðvar Sets ehf.

Þar tók á móti okkur lokkandi matarilmu, svo að við áttum greinilega á góðu von.

Bergsteinn byrjaði á því að leiða hópinn í gegnum verksmiðjuna, sem var afar fróðlegt. Að því loknu var haldið inn í glæsilegt mótuneyti fyrirtækisins. Bergsteinn fór gaumgæfilega yfir sögu fyrirtækisins og framtíðarhorfur.

Þvínæst var sest að þríréttuðu veisluborði sem framreitt var af flottri fagmennsku og svo drukkið kaffi og Koníak í restina.

Er óhætt að segja að þetta er með eftirminnilegustu fyrirtækjaheimsóknum sem Fréttapíp hefur komið.



Á stóru myndinni til hægri eru FP félagar, ásamt Bergsveini Einarssyni, forstjóra Sets kátir og hressir að lokinni greinargóðri og upplýsandi ferð um verksmiðju Sets, búnir að átta sig á því að kræsingar væru innan seilingar. Minni mynd t.v. er Bergsveinn forstjóri Sets að bjóða hópinn velkominn.

Til hægri er svo meistari Guðni Ágústsson hinn glaðbeitti.

Á myndinni að neðan er veisluborðið glæsilega og höfundar þess t.h.



Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur



Byggingareglugerðir krefjast þess að brunnur séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fölgir í að hafa aðgang að lögnum stanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunnna til fráveitulagna úr polyethyleno-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínuinni er fjölbreytt úrval brunnna til að mæta mismunandi notkunarkröfum. Brunnarnir eru færlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm. ATH. Hægt er að fá uppþækkarir á alla brunnna.

Fæst í byggingavöruslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnnum.

SÆPLAST • Gamlsbrúar 12 • 625 Dalvík • Sími 400 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com

© Sæplast er hluti af RPC GROUP

**KORADO**

Miðstöðvarofnar – Handklæðaofnar – Gólfofnar



KORADO ofnarnir hafa yljáð Íslendingum um árabíl og eru hluti af vel heppnaðri innanhússhönnun hérlendis

**VATNSVIRKINN**  
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

Skemmuvegi 48-50 - 200 Kópavogur  
Sími 510 1400 - Fax 510 1499  
www.vatnsvirkinn.is

Meira en 6500 ofnar á lager!



# Stefán Jan er Sölustjóri Lagna- deildar Fagmannaverslunar

Stefán er menntaður pípulagningameistari og vann við fagið til fjölda ára hjá S.O.S lögnum og vann hann bæði mikið fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Áður vann Stefán hjá Símanum þar sem hann starfaði sem viðskiptastjóri og sölumaður á fyrirtækjasviði Símans. Þar bar hann ábyrgð á viðskiptum margra stærstu fyrirtækja landsins. Stefán hefur unnið bæði við pípulagnir, sölu- og þjónustustörf í yfir 20 ár og er því með mikla og góða reynslu.




**Húsmiðjan hélt sitt glæsilega Októberfest að venju – Mikil gleði og fjöldi fagfólks í öllum litum regnbogans**



# HAGI HILTI með veisluboð fyrir Félag Fagkvenna

HILTI Hagi, umboðsaðili fyrir Snickers vinnufatnað á Íslandi, bauð Félag Fagkvenna til veislu í höfuðstöðvum sínum. Þórður (alltaf kallaður Tóti) sölustjóri vinnufatnaðar hjá HILTI, lagði mikla vinnu og alúð í undirbúning og setti upp fjölda af góðum tilboðum til félagsfólkið. Enda var haft á orði að það borgaði sig sannarlega að koma í heimsókn hjá HILTI. Og ekki skorti ljúffengar veitingarnar í mat og léttum veigum til að skola þeim niður; allt var til reiðu. Á myndunum hér neðan við textann stendur Tóti glaðbeittur, tilbúinn að taka á móti Félagi Fagkvenna. Ljósmyndari Fréttapíps var vitanlega á staðnum til að festa viðburðinn í varanlegt form og jafnframt til birtingar í Fréttapípi. En myndirnar sem hér

*Stjórn Félags Fagkvenna sendi út veglegt boðsbréf vegna boðsins.*



**OLÍUSKILJUR OG ROTPRÆR**  
Ístensk hönnun, framleiðsla og gæði.

**BORGARPLAST 50**  
1971-2021

Fráveitulausnir og þær: Völuveg 31, 270 Mosfellsbæ, Sími: 561 2211  
Húselvaugrunn og frauðkassar: Grændsbraut 501, 262 Reykjanessbæ, Sími: 561 2210

# Mikil aðsókn í kvöldskólann – fyrstur kemur, fyrstur fær



Á stóru myndinni er hópur áhugasamra nemenda að fylgjast með á skjánum og neðri myndin sýnir Bóðvar Inga Guðbjartsson í klassískri stellingu.

## Sjálfskolandi salernin frá GROHE eru framtíðin



Á tímum snjallvæðingar heimilisins á Vesturlöndum hefur eitt mikilvægt tæki orðið út undan: Salernið. Um áraraðir hafa Japanir tileinkað sér notkun sjálfskolandi salerna sem gerir salernispappírinn hreinlega óþarfan. Þessi tækni er því ekki alveg ný af nálinni en Grohe hefur nú fullkomnað þessa lausn með þýsku hugviti í Sensia Arena salerninu.

Sensia Arena býr yfir ótal áhugaverðum eiginleikum. Hægt er að stilla hitastig og kraft á skoli, eyða lykt og sótthreinsa, kveikja á næturlýsingu, nota sérstaka dömuskolon og í þökkabót er stilling fyrir notalega nuddúðun. Að lokum er innbyggð þurrkun í salerninu svo klósettpappír heyrir sögunni til. Sensia Arena eru þá hönnuð með það í huga að haldast lengur og betur hrein en hefðbundin salerni, s.s. með efnisvali, nýrri tækni þegar sturtað er úr þeim og hönnun á úðastútum.

Valið á salerninu byggir þó ekki aðeins á þægindum heldur er það einnig mjög hentug lausn fyrir t.a.m. hjúkrunarheimili og spítala. Þau bæta aðgengi þannig að fleiri geta farið á salernið án aðstoðar og þar með haldið lengur í sitt eigið sjálfstæði. Hjúkrunarheimili hér á landi sem hafa tilteiknað sér sjálfskolandi salerni frá Grohe segja ávinninginn mjög mikinn. Bæði birtist það í tímasparnaði hjá starfsfólki sem og aukinni ánægju vistmanna.

Salerniskassinn SLX frá Grohe er svo ný kynslóð innbyggðra kassa. Hann er betur hljóðeinangraður og tilbúinn með öllum tengingum fyrir Sensia Arena salernin. Sérstakt tengibox er fyrir rafmagn ásamt vatnsstút fyrir skolon. Öll tengi eru falin á bak við lok sem lokar skólpróri á meðan verið er að ganga frá veggjum. Í Grohe Sensia Arena mætast sum sé fegurð, fágun, hugvit og þægindi.

Aðsókn í kvöldskólann er ekki minnka og eru fjöldi nemenda á biðlista yfir því að komast að í kvöldskólanum. Þar virkar lögmálið „fyrstur kemur fyrstur fær“ en skólinn skoðar samt sem áður ef aðilar eru nú þegar á samningi hjá iðnmeistara að koma viðkomandi aðilum að í náminu til að þeir geti klárað námið. Við skráningu geta nemendur tekið fram að þeir séu á námssamning og þá verður það skoðað sérstaklega. Nemendur þurfa að vera 25 ára og eldri til að mega koma í kvöldskólann og segja má að þetta fyrirkomulag hentar þeim sem eru og þurfa að vinna með skólanum.



## Hágæða vinnuföt fyrir alla

**mikið úrval**  
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Barna og unglingsföt  
2-14 ára, stærðir 98-164

Mikið úrval af öryggisvörum

- uvex
- TOE GUARD
- Honeywell
- MILLER
- SOLID GEAR
- KSE-LIGHTS

**HILTI**  
Verkfæri og festingar  
Opn: 9-18 virka daga – 10-12 laugardaga  
(í janú – ágúst er lokað á laugardögum)

HAGI ehf • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414 3700 • [hagi@hagi.is](mailto:hagi@hagi.is) • [hagi.is](http://hagi.is) • [f HagI ehf HILTI](https://www.facebook.com/HagiEhf)





# GRUNDFOS MIXIT

## Ný lausn í uppblöndun stærri bygginga

Grundfos MIXIT veitir alhliða lausn sem er hönnuð til að stytta uppblöndunareiningu og gangsetningartíma um allt að 50%.

Búnaðurinn gerir þeim sem setja hann upp kleift að setja saman öfluga uppblöndun á skjótan og þægilegan hátt, með aðeins tveimur hlutum: Grundfos MIXIT-búnaði og Grundfos MAGNA3 eða Grundfos TPE3.

MIXIT sameinar hitastilli, þriggja þátta loka, móturloka, strengloka og skynjara í eitt tæki sem kemur nánast tilbúið úr kassanum og gerir val, uppsetningu og gangsetningu mun auðveldara. Innbyggður hitastillir gerir það að verkum að uppblöndun getur verið í gangi á meðan framkvæmdir eru enn í gangi, jafnvel áður en lokið er við að samþætta kerfið.

Búnaðurinn er hannaður fyrir ýmiss konar hitaveitu- og kælikerfi. Búnaðurinn býður upp á staðbundna og sjálfstæða notkun með skynjara utanhús og tengingu við Grundfos BuildingConnect og önnur stjórnkerfi bygginga.

Vandaður upplýsingabæklingur um GRUNDFOS MIXIT fylgir með Fréttapípi.



## Raki & mygla í húsum 1

### Staðnám (fjarnám í boði)

Byggingarmenn: Þetta námskeið er fyrir byggingarmenn sem þurfa að fást við raka og myglu í húsum. Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á þessu sviði til að fást við vandamál sem stafa af völdum raka og myglu. Á námskeiðinu verður fjallað um raka í húsnæði og myglusveppi sem ídulega fylgja viðvarandi raka í byggingarefnum. Farið verður yfir helstu galla á byggingarfræðilegum lausnum og helstu mistök við byggingu húsa sem orsaka leka- og rakavandamál í húsum og hvernig megi koma í veg fyrir þau. Farið verður lauslega í loftun og útreikninga á rakastreymi gegnum byggingarhluta. Fjallað verður um byggingarraka og greiningu rakaskemmda og lífsskilyrði myglusveppa, hvar þeir þrífast, hvernig má finna þá og uppræta.

**Dagsetning:** Fimmtudagur 2. febrúar 2023.

**Tímasetning:** Kl. 13:00-19:00.

**Kennari:** Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur.

**Staðsetning:** IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.



## Vandaðir og góðir VARMASKIPTAR.

## Margra ára reynsla á Íslandi.

## Mikið magn á lager.

**VERKLAGNIR.IS**  
517 0270 - verklagnir@verklagnir.is



Smiðjuvegi 68 - 72 Kópavogi  
Bolafæti 1 Reykjanesbæ

# Milliveggir úr vikursteininum frá BM Vallá eru með afburða rakapol



Vissir þú að hinn sígildi milliveggur sem BM Vallá framleiðir úr íslenskum vikursteini henta sérstaklega vel í votrymi í byggingum. Með millivegg úr vikursteini og innimúr frá BM Vallá, réttu vali af yfirborðsfrágangi og yfirborðsefnum sem tekur mið af aðstæðum eða álagi veggjarins er hægt að draga verulega úr líkum á rakaskemmdum.

Milliveggirnir eru auðveldir í uppsetningu, með sterkt naglhold, afburða hljóðeinangrun og gott bruna- og rakapol. Það ber vott um gæði og vönduð vinnubrögð að vanda til valsins þegar kemur að milliveggjum í byggingum. Hlaðinn og múrhúðaður milliveggur úr vikursteini frá BM Vallá er sígild lausn sem byggir á áratuga hefð og traustu handverki.

Starfsfólk BM Vallá veitir faglega ráðgjöf um milliveggjaplötur fyrirtækisins sem fást í nokkrum stærðum, þar á meðal í 60x40 sem auðveldar hleðslu og hægt að hlaða án hleðslugrindar.

BM Vallá hefur gegnt forystuhlutverki í framleiðslu á steypu- og múr- vörum fyrir íslenskan byggingariðnað í hátt í 70 ár. Framleiðslan byggir á þekkingu, reynslu og gæðum sem endast og standast ítrustu álagsprófanir við íslenskar aðstæður.



## Svansvottaðar byggingar

Staðnám (fjarnám í boði)

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistarar, byggingarstjóra og aðra sem ætla að byggja eða gerast ábyrgðarmenn Svansvottaðra bygginga. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um ferlið og hvað þarf að gera til þess að fá byggingu Svansvottaða.

Meginmarkmið Svansvottunar er að draga úr umhverfisáhrifum bygginga, sporna við hnattrænni hlýnun og vernda heilsu þeirra sem koma að verkinu á framkvæmdartíma sem og íbúa byggingarinnar á notkunartíma.

Fjallað verður um hugmyndafræði Svansvottunar og viðmiðin sem fela í sér hvað er hægt að votta, skyldukröfur, valkröfur, efnissamþ

**KYNNTU ÞÉR GRUNDFOS MIXIT  
SETTU AUÐVELDLEGA SAMAN ÖFLUGA  
UPPBLÖNDUNAREINGINGU**

Grundfos MIXIT veitir alhliða lausn sem er hönnuð til að stytta uppblöndunareiningu og gangsetningartíma um allt að 50%.

Búnaðurinn gerir þeim sem setja hann upp kleift að setja saman öfluga uppblöndun á skjótan og þægilegan hátt, með aðeins



**Hláblaðarar með  
sterkt element úr  
stáli sem þeir  
hitaveituvörn.**

SABIANA Radiatori e Radiatori, 7-10 MW.  
Vatn: 90/70/55 °C

**BYKO**

# Borgarholtsskóli hefur kennslu í pípulögnum



Frá vinstri: Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla og Skarphéðinn Skarphéðinsson, pípulagningameistari og deildarstjóri hinnar nýju pípudeildar Borgarholtsskóla. Hægramegin við þá er svæðið þar sem kennlustofurnar munu standa.

Undanfarin ár hefur umsókn um nám í pípulögnum fjölgað mjög og hefur Tækniskólinn ekki getað veitt öllum umsækjendum skólavist. Margir sem vildu læra pípulagnir hafa því þurft frá að hverfa. Síðastliðið sumar var tekið um það ákvörðun í mennta- og barnamálaráðuneytinu að leita til Borgarholtsskóla um að bjóða fram nám í pípulögnum til að mæta eftirspurninni og hefur skólinn nýtt haustönnuna til að undirbúa námið. Að mörgu er að hyggja þegar farið er af stað með nýja námsbraut. Þar sem húsnæði skólans er þegar svo til fullnýtt var gripið til þess ráðs að kaupa 12 gámaeinngar setja upp aðstöðu til kennslunnar í húsnæði sem samanstendur af 12 sérsmíðuðum gámaeinungum, sem komið verður fyrir á lóð skólans með vorinu, auk þess sem hafist var handa við að útvega nauðsynleg kennslutæki. Ákveðið var að námið færi af stað í byrjun vorannar 2023 þó aðstaða til verklegrar kennslu væru ekki fullbúin. Áætlað var að umsóknir yrðu á bilinu 20-25 og stóð til að fara af stað með einn hóp í dagskóla og annan í kvöldskóla. Þegar upp var staðið reyndust umsóknirnar yfir 70 talsins og ljóst að enn þurfa margir að bíða með að komast í námið því skólinn gat aðeins tekið á móti 40 nemendum að þessu sinni.

Til að annast uppbyggingu deildarinnar við Borgarholtsskóla var Skarphéðinn Skarphéðinsson ráðinn deildarstjóri. Skarphéðinn og skólameistari Borgarholtsskóla, Ársæll Guðmundsson, störfuðu saman á árum áður við Iðnskólann í Hafnarfirði en Skarphéðinn byggði upp pípulagnanámið þar á sínum tíma. Einnig hafa Skarphéðinn og Anton Már Gylfason áfangastjóri unnið mikið starf við að setja saman námskrána sem námið tekur mið af.

Deildarstjóri pípulagningardeildar ásamt tækjavörðum Borgarholtsskóla hafa víðað að sér flestum þeim verkfærum og tækjum sem deildin þarf. Hefur deildin yfir að ráða snittvélum, speglasúðuvélum, handspeglum, pressvélum, ásamt nauðsynlegum handverkfærum. Leitað hefur verið til birgja með öflun efnis. Hefur óskum skólans verið mjög vel tekið og eru allir af vilja gerðir til að aðstoða. Þeir birgjar sem þegar hafa tekið óskum skólans opnum örmum eru BYKO, Vatn og veitur, Vatnsvirkinn og Tengir ehf og vill skólinn koma á framfæri innilegum þökkum fyrir þeirra framlag. Skólinn leggur mikla áherslu á að hafa gott samstarf við efnisala, Félag Pípulagningameistara og meistara úti í atvinnulífinu. Borgarholtsskóli hefur frá því að ákveðið var að bjóða þar nám í pípulögnum verið í góðu samstarfi og samtali við Tækniskólann.

**NÝTT!**

## BOS GEYMSLUGÁMAR OG SKEMMUR

Hinir vinsælu BOS geymslugámar aftur fáanlegir á Íslandi. Léttir og fljótlegir í uppsetningu, tveir menn 5 mínútur. 10 ára ábyrgð á gámunum gegn tæringu. Auðveld uppsetning – engin þörf á verkfærum. Sýningargámar á staðnum. Þýsk gæðavara. Bjóðum einnig vöruskemmur af ýmsum stærðum frá BOS.

Hafðu samband 568 0100

Stólpi Gámar

GÁMASALA - & LEIGA - Öseyrarbraut 12 - 220 Hafnarfirði - Sími 568 0100 - www.stolpigamar.is

## KLÆDDU ÞIG VEL!

PEYSUR

JAKKAR

ÚLPUR

BUXUR

SKÓR

VATNSVIKINN VINNUFÖT

WORKWEAR.IS

**BLÅKLÄDER**  
WORKWEAR



www.sindri.is

**SINDRI**

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN  
MEÐ SÉREIGNARSPARNADI

Kynntu þér málið á [birta.is](http://birta.is)

**BIRTA**  
LÍFEYRISJÓÐUR

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | [birta.is](http://birta.is)

HÁGÆÐA IÐNAÐARRYKSUGUR,  
LOFTHREINSIBÚNAÐUR og VATNSSUGUR

**Husqvarna**

**Wendel**  
Stofnað 1967

Tangarhóla 1  
110 Reykjavík  
S: 551 5464  
[wendel.is](http://wendel.is)

Umboðsaðili fyrir Husqvarna slípivélar, iðnaðarryksugur, vatnssugur, lofthreinsibúnað og slípiverkfæri á Íslandi.



# Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF  
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÖF  
TÖLVUNÁMSKEIÐ  
TÖLVUSTUDD HÖNNUN  
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ  
BÍLGREINASVIÐ  
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ  
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ  
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á [IDAN.IS](http://IDAN.IS)



**IDAN**  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)